

46. tbl.

21. des 2022

29. árg.

# Hlaupastelpan

Gledileg jól!



*Hlaupastelpan óskar lesendum og auglýsendum nær og fjær*

*Gledilegra jóla og farsældar og friðar á nýju ári.*

*Þakka góð samskipti liðinna ára.*

*Guð veri með ykkur öllum þessa hátíð.*

*Hugsum til þeirra er eiga erfitt og þágt á þessum tímum.*

Hlaupastelpan kemur næst út þann

**4. janúar 2023**

Skilafími er sem áður fyrir kl. 15:00 á  
mánudegi fyrir útgáfudag.

Kærar kveðjur

Dagný Pétursdóttir  
hlaupastelpan@isl.is/8953386



## *Jólakveðja*

*Starfsfólk á Heilbrigðisstofnun Norðurlands  
sendir Norðlendingum og landsmönnum  
öllum hugheilar óskir um gleðileg jól,  
góða heilsu og farsæld á nýju ári.*

## **Takið kvöldið frá!**

Þorrablot Fnjóskdæla verður haldið laugardags-  
kvöldið 28. janúar 2023 í Stórutjarnaskóla.

Hljómsveitin Hvanndalsbræður spila fyrir dansi.

Nánar auglýst síðar - sjáumst hress!

Nefndin.





*Helgihald um jól  
í Grenjadarstaðarprestakalli hinu forna*

*25. des. Hátíðamessa Einarstöðum kl. 14:00*

*25. des. Hátíðamessa Grenjadarstað kl. 16:00*

*26. des. Hátíðamessa Nesi kl. 14:00*

*26. des. Hátíðamessa Þóroddsstað kl. 14:00*

*Prestur á Þóroddsstað: Séra Örnólfur J. Ólafsson*

*Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól.*

*Séra Þorgrímur.*

VIÐ ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR



JÓLAKVEÐJA

ΣΤΕΠΙΝ



## Laufásprestakall-

Helgihald í Lundarbrekku- Ljósavatns-og  
Hálssóknum um hátíðar.



25. desember. Jóladagsguðsþjónusta í Lundarbrekkukirkju kl. 11.00.

– Almennur safnaðarsöngur og jólasálmar-

25. desember. Hátíðarguðsþjónusta í Þorgeirskirkju kl. 14.00.

25. desember. Jóladagsguðsþjónusta í Hálskirkju kl. 16.00.

– Almennur safnaðarsöngur og jólasálmar-

8. janúar. Nýársmessa í Draflastaðakirkju

Guð gefi ykkur gleðileg jóla

Sr. Hafáis Davíðsdóttir



HO

Karlahörinn Hreimur þskar velunnurum og landsmönnum  
öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

VIÐ MINNUM Á STÓRSKEMMTILEGT RÚLLETTUKVÖLD KÓRSINS  
FÖSTUDAGINN 13. JANÚAR 2023 AÐ YDÖLUM.



HO  
HO



## *Jólakveðja Þingeyjarsveitar*

*Sveitarstjórn og starfsfólk Þingeyjarsveitar vill óska öllum íbúum sínum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir árið sem er að líða*

## *Helgihald í Mývatnssveit*

*Jóladagur 25. desember 2022*

*Sameiginleg hátíðarguðsþjónusta sóknanna í  
Reykjahlíðarkirkju klukkan 11:00*

*Nýársdagur 1. Janúar 2023*

*Sameiginleg hátíðarguðsþjónusta sóknanna í  
Skútustaðakirkju klukkan 14:00*

*Eftir guðsþjónustuna er öllum boðið að líta við í Prestshúsi og  
þiggja hjá okkur kaffisopa og með því og njóta samveru.*



*Gleðilega hátíð!  
sr. Örnólfur*



**Opnunartími yfir jól og  
áhaldaári Þingeyjarsveitar**

**áramót á skrifstofu og**

**Skrifstofan Hlíðavegi**

Þriðjudagur 27. desember 9.00 -12.00 og 13.00 -15.00

Miðvikudagur 28. desember 9.00 -12.00 og 13.00 -15.00

Fimmtudagur 29. desember 9.00 -12.00 og 13.00 -15.00

Föstudagur 30. desember lokað

**Skrifstofan í Kjarna**

Þriðjudagur 27. desember 9.00 -12.00 og 12.30 -15.00

Miðvikudagur 28. desember 9.00 -12.00 og 12.30 -15.00

Fimmtudagur 29. desember 9.00 -12.00 og 12.30 -15.00

Föstudagur 30. desember 9.00 -12.00 og 12.30- 15.00

**Gámasvæðið á Stórutjörnum**

[Miðvikudagur 21. desember](#) 16.00 -18.30

Föstudagur 23. desember 14.00 -16.00

Miðvikudagur 28. desember 16.00 -18.30

**Gámasvæði í Mývatnssveit**

Miðvikudagur 21. desember 15.00-16.00

Miðvikudagur 28. desember 14.00 -16.00

Vekjum athygli á því að sorp klippikortin virka einnig á gámasvæði Terra á Akureyri

# Gleðilega hátíð & farsælt komandi ár

*Kveðja frá starfsfólki  
Vatnajökulsþjóðgarðs*



  
Vatnajökulsþjóðgarður



*Mynd: Stefanía Eir Vignisdóttir*

## **Auglýsing frá Darra á Grenivík.**

Kæru viðskiptavinir !



Um leið og Darri ehf á Grenivík þakkar fyrir viðskipti liðinna ára, þá tilkynnist hér með, að sölu-menn fyrirtækisins hyggjast bjóða upp á afgreiðslu frá sölubifreið fyrirtækisins með líku fyrirkomulagi og í fyrra. Afgreitt verður með eftirfarandi hætti:

**Á bílastæðinu við Fosshól laugard.14. janúar 2023 kl. 11 – 17.**

**Á bílastæðinu við Ýdali sunnud. 15. janúar 2023 kl. 11 – 17.**

Hefðbundið þorrafóður verður í boði ss. hákarl og harðfiskur auk þess venjulega sem verið hefur undangengin ár.

Með bestu jóla- og nýársóskum  
Darri ehf. Grenivík.

## **Kvenfélagið Hildur í Bárðardal**



heldur sína árlegu jólatrésskemmtun  
( loksins) föstudaginn 30. desember kl.14.00  
í Kiðagili. Hafdís prestur mætir og aldrei að vita nema  
einhverjir fleiri rati til okkar.  
Við biðjum ykkur að koma með kræsingar á hlaðborð og  
mjólk en kaffi og kakó verður í boði kvenfélagsins.

Hlökkum til að sjá ykkur

Stjórinn





## Jólakveðja.

Aðventa. Orðið leiðir hugann að sögu Gunnars Gunnarssonar um ferðir „Fjalla Bensa“ á jólaföstu til að bjarga kindum. Snemma vors 1945 kom Bensi gangandi niður bæjarhólnum á Víðivöllum, hann var ráðinn í byggingarvinnu þá um sumarið, þá skyldi rífa síðasta hluta gamla bæarins og ljúka byggingu íbúðarhússins sem byggt var í áföngum. Okkur systkinunum var Bensi einstaklega góður. Hann kenndi mér, þá 7 ára, að hella upp á könnuna, en kaffi þótti honum afar gott. Mamma var líka óspör á að hella upp á aukasopa handa Bensa, en á þessu tíma fékkst öll aðkeypt matvara aðeins gegn skömmtunarmiðum.

Þetta sumar varð Bensi sjötugur og af því tilefni fór hann upp í Mývatnssveit á sínar gömlu slóðir. Til baka kom hann ríðandi með nokkrum vinum sínum, góðglaður með „væna flís af feitum sauð“ sem einhverjir höfðu gaukað að honum og gaf okkur að smakka á þessu hnossgæti. Um haustið fór hann svo til Akureyrar en þá átti hann heima þar. Næsta vor varð Bensi bráðkvaddur og var jarðsettur í Mývatnssveit þar sem hann átti flest sporin. Eftir lifir minningin um góðan mann sem öllum þótti vænt um.

Hér í norðrinu ríkir skammdegið, þegar best lætur er dagsbirta í 2 til 3 tíma. Gott að hafa nóg rafmagnsljós en nú er talað um að rafmagnsverð muni hækka upp úr öllu valdi. Í fyrra var það mjög hátt í suðurhluta landsins og gamalt fólk, öryrkjar og láglaua fólk gat varla hitað upp hýbýlin eða notað orkufrek rafmagnstæki. Orsökina er margþætt, þurrkar og svo er rafmagnið selt dýru verði til útlanda. Nú hafa sumir garðyrkju bændur plægt niður uppskeruna því of dýrt er að halda réttu hitastigi í geymslum. Stærsti framleiðandi jólastjarna hér í Noregi henti mörgum þúsundum hálfvaksinna planta, svaraði ekki kostnaði að rækta þær til sölu. Hér er húsið hitað upp með varmadælu en þegar þarf kyndum við stóran viðarofn svo við líðum enga nauð. Dagarnir líða einn af öðrum og allt gengur sinn gang, Magnús í vinnu og börnin í skóla og ég dunda mér við húsverkin. Það verða engar stór hreingerningar, baka svolítið og svo gerðum við laufabrauð. Jón Óli kom í heimsókn og þá var á borðum hangikjöt og laufabrauð með malti og appelsíni, smá forskot á jólamatinn. Gott að fá heimsókn því hér er lítið um gestakomur.

Megið þið öll njóta jólanna í birtu og yl, kærar kveðjur heim í sveitir.

Álfhildur Jónsdóttir

## Flugeldasala Bjsv. Þingey 2022

Verður á sínum stað í húsi sveitarinnar, Melgötu 9 eins og síðustu ár. Úrvalið hefur sjaldan verið meira, fullt af nýjum tertum. Heitt verður á könnunni og hlökkum við til að sjá sem flesta. Við verðum klárir!

Ætlum við að bjóða upp á þann möguleika að hægt verði að hringja og panta. Við tökum til pantanirnar, þið sækið og borgið hjá sokkur. Posi á staðnum. Allir velkomnir

Pöntunarsímar:

8569669 - Steinar Karl

8662015 - Huldar Trausti

8669737 - Kalli

Opnunartímar:

28. des 17:00 - 21:00

29. des 12:00 - 21:00

30. des 12:00 - 22:00

31. des 10:00 - 14:00



FLUGELDAMARKAÐUR 2022

Hjálparsveit skáta Aðaldal

Verður með sinn árlega flugeldamarkað í húsnæði sínu að lójugerði 1 (norðan við Ýdali).

Miðvikudaginn 28. des frá 18:00 til 21:00

Fimmtudaginn 29. des frá 14:00 til 21:30

Föstudaginn 30. des frá 14:00 til 21:30.

Lokað á Gamlársdag

Flugeldasímar: 8695776 – Arnar og 849 8966 - Knútur

Okkar styrkur er ykkar hagar.

Meira á facebook/Hjálparsveit Skáta Aðaldal



## FLUGELDAR-FLUGELDAR

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar  
Stefáns verður í Björgunarstöðinni,

Múlavegi 2, sem hér segir:

**Fimmtudaginn 29. desember frá kl. 16:00-22:00**

**Föstudaginn 30. desember frá kl. 16:00-22:00**

**Laugardaginn 31. desember frá kl. 10:00-14:00**

Upplýsingar í síma 894 5696

Einnig verður flugeldasala á þrettándanum

**6. janúar frá kl 15:00-17:00**

Minum á Rótarskotin sem einnig er hægt að kaupa.

Þau gefa af sér birkitré sem gróðursett verða á

Hólasandi í samstarfi við Landgræðsluna.

### Flugeldasýning og áramótabrenna

Flugeldasýning og áramótabrenna verður í nágrenni

Jarðbaðanna á gamlárskvöld kl. 21:00.

Um leið og við þökkum stuðninginn á liðnum árum,

viljum við óska öllum Mývetningum og öðrum,

gleðilegra og slysalausra jóla og áramóta og farsældar

á nýju ári.

Með jólakveðju,  
Björgunarsveitin Stefán

## **Pingeyjarskóli auglýsir eftir skólaliða. Staðan er áætluð frá og með 1. janúar 2023.**

Við leitum að starfsmanni sem:

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Er lausnamiðaður
- Er sveigjanlegur og með góða samskiptahæfni
- Er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýnir/býr yfir frumkvæði
- Hefur metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim

Pingeyjarskóli er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknir skulu sendast á netfangið [johannrunar@thingeyjarskoli.is](mailto:johannrunar@thingeyjarskoli.is)

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum netfangið [johannrunar@thingeyjarskoli.is](mailto:johannrunar@thingeyjarskoli.is)



## Jólaball Kvenfélags Mývatnssveitar

Jólaball Kvenfélagsins verður haldið þriðjudaginn  
27. desember klukkan 15:00 í Skjólbrekku.

Við ætlum að syngja og dansa kringum jólatréð og fá til  
okkar skemmtilega karla í heimsókn.

Kvenfélagið mun bjóða uppá léttar veitingar. Eigum  
saman notalega stund yfir hátíðarnar.

Hlökkum til að sjá ykkur

Fyrir hönd Kvenfélags Mývatnssveitar  
*Aðalbjörg, Marge og Jóhanna Björg*



*Sendum ættingjum okkar og vinum  
innilegar jóla og nýárskveðjur*

*Þökkum líðið*

*Halldór og Elinborg, Þyrgisholti.*

## *Jólaakveðja*

*Sendum ættingjum og vinum okkar bestu jóla og  
nýársóskir með þökk fyrir hlýfug og vináttu á  
líðnum árum.*

*Inga og Þórhallur Kambsstöðum*



*Jarðbæðin við Mývatn óska öllum gleðriderar hátíðar og  
farsældar á nýju ári. Við hlökkum til að skapa fleiri  
minningar með ykkur árið 2023.*

*-Opnunartíni yfir hátíðarnar-  
24. og 25. desember: 11:00-14:00  
26. desember: 12:00-16:00  
27.-30. desember: 12:00-20:00  
31. desember: 11:00-14:00  
1. janúar: Lokad*



JARDBÆÐIN  
VIÐ MÝVATN



*Sparisjóður Suður-Þingeyinga*

*óskar öllum viðskiptavinum sínum  
velunnurum og landsmönnum öllum*

*Gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.*

*Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

*Sparisjóður Suður þingeyinga  
fyrir þig og þína*





*Við óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.  
Kærar þakkið fyrir árið sem er að líða og góðar kvæðjur til ykkar*

*Örnólfur, Fríða, Dóróthea og Ólöf*

*Sendum ættingjum og vinum nær og fjær  
hugheilar jóla -og nýárskvæðjur.  
Þökkum vináttu og hlýhug á árinu sem er að  
líða.*

*Megið þið öll eiga hjarta og gleðiríkaframtíð.*

*Kærar jóla kvæðjur*

*Dagný, Þórir, Pétur Rósberg, Elvar Logi og Ellý, Öxará*



*Kæru vinir og sveitungar.*

*Bestu óskir um gleðileg jól og farsæld  
á nýju ári. Þökk fyrir líðin ár.*

*Jóla kvæðja,*

*Tolla og Óli*





## *Jólakveðja*

*Ég óska ættingjum og vinum gleðilegra jóla , farsælt nýtt ár .  
Þakka það liðna og það logn sem er búið  
að vera síðan 11. október.*

*Hljjar kveðjur  
Baldur í í Ystahvammi*



*Kæru sveitungar, ættingjar og vinir*

*Við óskum ykkur gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.  
Með kæru þakklæti fyrir hlýhug og kærleik á liðnu ári  
Villi, Guðný og fjölskylda*



*Sendi ættingjum og vinum  
Mínar bestu jóla-og nýárskveðjur  
Með farsæld á nýju ári*

*Gígja , Stórutjörnum*



## Jólaķvedja frá Vogafjósí

*Við sendum gestum okkar, starfsfólki og sveitungum öllum bestu óskir um gleði og gæfuríkt ár og þökkum fyrir allt á liðnu ári.*



## Jólaķvedja frá Víðikeri

*Ágætu sveitungar, kærur vinir og ættingjar.  
Okkar bestu óskir um gleðileg jól og  
farsæld á nýju ári, með þakklæti fyrir árið sem er að liða.  
Jólaķvedjur.*

*Palli og Sigga*

## Jólaķvedja

*Kærur vinir í Fnjóskadal og Þingeyjarsveit  
Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár.*

*Í jólaķortin skrifum skýr  
skýlaboð og þökkum  
að vináttan í brjósti býr,  
best af öllum þökkum.  
(G.K.)*

*Með þökk fyrir öll árin  
Jónsi og Didda frá Illugastöðum.*



## *Jólaþveðja úr Lækjamóti*

*Kæru ættingjar og vinir  
Við sendum ykkur hugheilar óskir um gleðiríka  
jóláhátíð og farsæld á komandi ári  
með kærri þökk fyrir liðna tíð.*




*Siggi, Gerða, Tóta, Veiga og fjölskyldur*

*Sendi sveitungum mínum ættingjum og vinum  
mínar bestu jóla- og nýjáróskir*

*með kærri þökk fyrir liðin ár.*

*Jólaþveðja,  
Kæja á Krossi*



*Kæru vinir og ættingar*

*Bestu óskir um gleðileg jól og  
farsælt komandi ár.*

*Kær þveðja  
Guðríður á Veturlúðastöðum*



*Þingeyjarskóli óskar nemendum sínum, foreldrum þeirra og öðrum íbúum Þingeyjarsveitar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum samstarf og samveru á liðnu ári.  
Hlökkum til samstarfsins á því nýja.*

*Hátíðarkveðja úr Þingeyjarskóla.*

*Kæru sveitungar, ættingjar og vinir.*

*Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum samstarf og samverustundir á liðandi ári.  
Megi gæfa og gleði ávallt fylgja ykkur*

*Kærar kveðjur  
Mýflug hjf, Leifur og Gunna*



## **Jólaball Kvenfélags Fnjóskdæla og Kvenfélags Ljósvetninga**

verður haldið í sal Stórutjarnaskóla  
**fimmtudaginn 29. desember klukkan 14:00 – 16:00.**

Góðir gestir koma í heimsókn.

Verið hjartanlega velkomin.